

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur um skráningu barna í trú- og lífsskoðunarfélög.

1. *Hversu mörg börn voru við fæðingu sjálfkrafa skráð í trú- og lífsskoðunarfélög síðustu 10 ár? Svar óskast sundurliðað eftir fjölda skráninga í hvert trú- og lífsskoðunarfélag á ári.*

Árin 2005–2014 voru samanlagt skráð 45.560 lifandi fædd börn á Íslandi. Þar af voru 39.070 börn skráð í trú- eða lífsskoðunarfélag við fæðingu.

Um sundurliðun í einstök trú- og lífsskoðunarfélög á ári vísast til töflu 1 hér á eftir sem unnin var af Þjóðskrá Íslands að beiðni ráðuneytisins. Í samantekt Þjóðskrár Íslands koma einnig fram skýringar á breyttu verklagi sem varð á skráningu í kjölfar breytingar sem gerð var á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, sbr. lög nr. 6/2013, sem birt voru í Stjórnartíðindum 13. febrúar 2013 (nú lög um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög). Þar segir m.a. að fyrir lagabreytinguna hafi börn verið skráð í trúfélag móður eða utan trúfélaga í samræmi við skráningu móður. Eftir gildistöku laga nr. 6/2013 hafi orðið breyting á skráningu barns ef foreldrar barns í hjúskap eða skráðri sambúð væru ekki skráðir í sama trú- eða lífsskoðunarfélag. Í þeim tilvikum sé barn nú skráð með stöðuna „ótilgreind trúfélags- eða lífsskoðunarfélagsaðild“. Enn fremur geti aðrir eftir breytinguna óskað eftir að vera skráðir á sama hátt. Áður fyrr hafi hins vegar nánast eingöngu erlendir ríkisborgarar sem voru nýskráðir til landsins verið skráðir þannig. Jafnframt hafi íslensk börn fædd erlendis verið skráð með þessum hætti frá 1. júlí 2014, en fyrir þann tíma hafi þau verið skráð á sama hátt og börn fædd á Íslandi, þ.e. í trúfélag móður ef ekki lágu fyrir upplýsingar um hjúskaparstöðu móður.

2. *Hversu mörg börn voru við fæðingu skráð utan trú- og lífsskoðunarfélaga sömu ár?*

Af 45.560 lifandi fæddum börnum árin 2005–2014 voru 1.716 börn skráð utan trú- eða lífsskoðunarfélaga og 4.774 skráð með stöðuna ótilgreind trúfélags- eða lífsskoðunarfélagsaðild. Um sundurliðun eftir árum vísast til töflu 1 sem unnin var af Þjóðskrá Íslands.

Tafla 1. Lifandi fæddir 2005–2014 eftir skráningu við fæðingu í trú- eða lífsskoðunarfélag.

	2005–2014	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Lifandi fædd börn alls	45.560	4.289	4.422	4.557	4.841	4.987	4.883	4.464	4.494	4.288	4.335
Þjóðkirkjan	33.069	3.433	3.598	3.548	3.675	3.640	3.593	3.183	3.112	2.714	2.573
Fríkirkjan í Reykjavík	1.272	108	114	120	136	160	144	152	137	102	99
Óháði söfnuðurinn í Reykjavík	364	47	38	37	31	34	38	38	39	34	28
Kirkja sjöunda dags adventista	93	7	7	7	16	11	14	6	14	7	4
Sjónarhæðarsöfnuður	12	4		1	2	1	1	2	1		
Hvítasunnukirkjan	286	28	30	29	29	39	31	34	33	16	17
Kaþólska kirkjan	2.113	153	183	237	292	246	211	241	243	143	164

	2005–2014	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fríkirkjan í											
Hafnarfirði	737	60	75	73	84	88	97	80	82	54	44
Bænahúsið	2								2		
Ásatrúarfélag	234	15	10	19	16	27	18	26	44	38	21
Bahaísamfélag	61	11	6	6	7	5	6	9	9	1	1
Vegurinn	100	11	11	15	12	14	9	14	11	3	
Emmanúel											
baptistakirkjan	2								1	1	
Hjálpræðisherinn											
trúfélag	1								1		
Búddistafélag Íslands	132	11	11	10	16	20	18	23	12	6	5
Fríkirkjan Kefas	15	2	1	2	2	2	1	2	2		1
Baptistakirkjan	2				2						
Himinn á jörðu	1									1	
Félag Múslima á											
Íslandi	80	12	8	11	5	9	11	3	10	7	4
Smárákirkja	111	9	11	13	19	18	10	8	6	12	5
Íslenska Kristskirkjan	27		5	2	3	4	1	4	3	3	2
Kirkja Jesú Krists											
hinna síðari daga											
heilögu	19	1	2	1	1	1	3	4	1	2	3
Boðunarkirkjan	4	1	1		1			1			
Siðmennt	12									2	10
Samfélag trúaðra	3				1	1				1	
Zen á Íslandi –											
Nátthagi	3	1		1					1		
Betanía	24	5		3	5	5	3			3	
Rússneska											
réttrúnaðarkirkjan	72	2	2	6	6	8	11	11	8	8	10
Serbneska											
réttrúnaðarkirkjan	32	4	2	5	3	1	2	3	4	4	4
Fjölskyldusamtök											
heimsfriðar og											
sameiningar	1				1						
Alþjóðleg kirkja Guðs											
og embætti Jesú											
Krists	1									1	
Vottar Jehóva	86	9	10	11	9	8	8	13	10	5	3
Catch the Fire (CTF)	26						3	5	5	8	5
Reykjavíkurgóðorð	1						1				
Heimakirkja	1										1
Vonarhöfn	3								1	1	1
Soka Gakkai SGI á											
Íslandi	18				1	2	4	1	6	2	2
Meningarsetur											
múslima á Íslandi	50					7	8	8	6	12	9
Utan trúfélaga	1.716	104	90	136	130	162	207	217	281	213	176
Ótilgreind trúfélags-											
eða lífsskoðunar-											
félagsaðild	4.774	251	207	264	336	474	430	376	409	884	1.143

3. *Hversu mörg börn voru skráð í trú- og lífsskoðunarfélög innan árs frá fæðingu á sama tíma? Svar óskast sundurliðað eftir fjölda skráninga í hvert trú- og lífsskoðunarfélag á ári.*

Árin 2005–2014 varð breyting innan árs á skráningu 1.732 barna í trú- og lífsskoðunarfélög af 45.560 lifandi fæddum börnum.

Um sundurliðun á skráningu í einstök trú- og lífsskoðunarfélög á ári vísast til töflu 2 sem unnin var af Þjóðskrá Íslands.

Tafla 2. Lifandi fæddir 2005–2014 eftir skráningu á fyrsta aldursári í trú- eða lífsskoðunarfélag.

	2005–2014	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Lifandi fædd börn											
alls	1.732	40	128	116	158	193	187	182	174	311	243
Þjóðkirkjan	361	10	21	12	21	32	18	28	30	55	134
Fríkirkjan í Reykjavík	374	10	37	38	52	54	50	43	31	34	25
Óháði söfnuðurinn í Reykjavík	88	2	10	11	15	5	12	10	2	11	10
Hvítasunnukirkjan	2					1			1		
Kaþólska kirkjan	385	11	29	25	24	46	42	60	55	59	34
Fríkirkjan í Hafnarfirði	135	3	15	18	15	14	14	10	10	15	21
Ásatrúarfélag	16		1		2	2	1	1	2	2	5
Bahaísamfélag	1	1									
Vegurinn	2		1			1					
Búddistafélag Íslands	1				1						
Fríkirkjan Kefas	1		1								
Baptistakirkjan	1	1									
Félag Múslima á Íslandi	8						3		5		
Íslenska Kristskirkjan	2				2						
Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu	2					1	1				
Boðunarkirkjan	2							1	1		
Siðmennt	1										1
Rússneska rétttrúnaðarkirkjan	22		2	1	3	4	2		6	1	3
Serbneska rétttrúnaðarkirkjan	5					1	1		2	1	
Vottar Jehóva	4			1		2					1
Catch the Fire (CTF)	4					3	1				
Meningarsetur múslima á Íslandi	9				3	2		2	2		
Utan trúfélaga	175	2	11	9	16	25	41	26	26	10	9
Ótilgreind trúfélags- eða lífsskoðunarfélagsaðild	125			1			1	1		122	